




Ský á augasteini

Ský á augasteini er algeng orsök sjóndepru og kemur fyrir hjá fólki á öllum aldri, en oftast hjá eldra fólki. Ský á augasteini veldur því að sjón minnkar smám saman, venjulega án verkja eða annarra einkenna. Til að bæta sjónina er gerð skurðaðgerð, þar sem augasteinninn er fjarlægður og gerviaugasteinn settur í staðinn. Fjöldi slíkra aðgerða er gerður á Íslandi árlega, langoftast með góðum árangri. Nokkrum vikum eftir aðgerðina þurfa flestir að fá ný gleraugu a.m.k. til lestrar og verður sjónin þá eins góð og hún getur orðið.



Augskoðun á Eiríksgötu 37

Fyrir aðgerðina er tekið viðtal, sjónin mæld og ýmsar rannsóknir gerðar hjá hjúkrunarfræðingi og augnlækni. Þá er aðgerðartími oftast ákveðinn. Hafa þarf með sér skrá yfir lyf og augndropa sem notaðir eru og láta vita ef dvalið hefur verið á sjúkrahósti erlendis síðustu sex mánuði eða ef vart hefur orðið við MÓSA sýkingu.

Undirbúningur heima

- Fara þarf í sturtu, klæðast hreinum fötum og fjarlægja skartgrip, andlitsfarða og naglalakk.
- Borða má morgunmat og taka inn sín föstu lyf að morgni aðgerðardags.

Aðgerðardagur

Mæta á dag- og göngudeild augnlækninga að Eiríksgötu 37 _____ kl. _____

Áætlaður dvalartími á deildinni er 2-3 klukkustundir. Óvæntar aðstæður á skurðstofu geta valdið því að aðgerðartími breytist.

- Undirrita þarf samþykki fyrir aðgerð.
- Farið er í sjúkrahúsföt að ofan.
- Augndropar og e.t.v. róandi lyf eru gefin fyrir aðgerðina.
- Augað er deyft með augndropum.

Á skurðstofu er sérstakur aðgerðarstóll þar sem fólk liggur og höfuðið hvílir á þægilegan máta. Sótthreinsað lak er breitt yfir andlitið, og því síðan lyft frá augum og vitum þannig að andrými sé nægjanlegt.

Ekki má hreyfa sig, hósta eða spjalla meðan á aðgerð stendur. Ef vart verður við óþægindi ber að láta vita af því.

Aðgerðin sjálf tekur 10–30 mínútur. Að henni lokinni er boðið upp á hressingu og hvíld í 10–15 mínútur. Fljótlega er síðan hægt að ferðbúast og halda heim. Ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir aðgerðina.

Fyrir útskrift þarf að vera búíð að fá:

- útskriftarfræðslu
- rafrænan lyfseðil fyrir augndropum (sendur í apótek)
- endurkomutíma hjá lækni (yfirleitt 1–7 dögum eftir aðgerð)

Útskrift

- Nota þarf augndropa, samkvæmt fyrirmælum læknis, í 3–4 vikur.
- Þvo í kringum augað og augnhvarma tvisvar sinnum á dag með volgu vatni.
- Fyrst eftir aðgerðina getur sjónin verið í móðu.
- Augað er viðkvæmt fyrir birtu fyrst eftir aðgerð.

Verkir

Verkjalyf sem fást án lyfseðils í apótekum má nota samkvæmt leiðbeiningum. Ekki eiga að vera verkir í auganu sem láta ekki undan vægu verkjalyfi. Forðast skal notkun bólgueyðandi verkalyfja (t.d. Íbúfen og Voltaren) án samráðs við lækni, því þau geta aukið hættu á blæðingu.

Hreyfing

Forðast skal athafnir eins og að lyfta þungu eða nudda augað í a.m.k. viku eftir aðgerð. Það getur aukið þrýsting í auganu og haft slæm áhrif. Ekki má fara í sund í 2-3 vikur eftir aðgerðina.

Vinna

Eftir fyrstu skoðun hjá augnlækni, fást upplýsingar um hvenær má byrja að vinna aftur. Oftast er það nokkrum dögum eftir aðgerðina.

Strax skal hafa samband við deildina ef:

- verkir í auganu versna
- ógleði eða höfuðverkur gerir vart við sig
- útferð er úr auganu
- sjónin minnkar

Kostnaður

Greiða þarf fyrir aðgerðina við útskrift. Verðskrá er birt með fyrirvara um breytingar á gjaldskrá Landspítala.

Dag- og göngudeild augnlækninga er opin virka daga frá klukkan 8–16, sími, 543 7122, 543 7157 eða 543 7111. Eftir klukkan 15:30 og um helgar má hafa samband við skiptiborð Landspítala í síma 543 1000 og biðja um samband við vakthafandi augnlækni.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja á deildina ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.